



Blásarasveitir Tónlistarskóla Árnésinga

ásamt hljómsveitarstjórunum Gesti Áskelssyni og Jóhanni I. Stefánssyni
í bænum Calella á Spáni, júní 2016



• *Gerum góðan skóla betri* •

Október 2016

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnésinga október 2016.....	4
Inngangur	4
Veturinn 2015 – 2016.....	5
Próf veturinn 2015 – 2016.....	5
Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2015 – 2016.....	5
Töfraflauta Mozarts í apríl/maí 2016	6
Pólsk strengjasveit í heimsókn apríl/maí 2016.....	6
Starfsmannaferð í maí/júní 2016	6
Lúðrasveitamót á Spáni júní 2016	6
Veturinn 2016 – 2017	7
Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld.....	7
Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnésinga 2016 – 2017.....	7
Fjöldi nemenda 2016 – 2017 / biðlistinn.....	8
Kennarar 2016 – 2017	8
Kennslustaðir 2016 – 2017	8
Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2016 – 2017.....	9
Skýrslur deildarstjóra maí 2016.....	10
Blásaradeild	10
Blokkflautudeild.....	11
Forskóladeild	12
Gítardeild.....	13
Kammerdeild	14
Píanódeild.....	15
Rytmísk deild	16
Strengjadeild.....	17
Suzukideild.....	18
Söngdeild	19
Tónfræðideild	20
Áætlun 2017	21
Fylgiskjal A – Stigspróf 2012 - 2016.....	22
Fylgiskjal B - Skóladagatal.....	22
Fylgiskjal C – Skólagjöld 2016 - 2017	22
Fylgiskjal D – Nemendalisti til Jöfnunarsjóðs okt. 2016	22
Fylgiskjal E – Fjöldi kenndra klst.	22

Fylgiskjal F – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi m.v. íbúafjölda	22
Fylgiskjal G – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum	22
Fylgiskjal H – Nemendafjöldi 1995 - 2016	22
Fylgiskjal I – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi	22
Fylgiskjal J – Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall.....	22
Fylgiskjal K - Hlutfall nemenda eftir kyni	22
Fylgiskjal L – Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall.....	22
Fylgiskjal M – Aldursskipting nemenda í einkatímum	22
Fylgiskjal N - Kennaralisti.....	22
Fylgiskjal O – Fjöldi nemenda og klst. október 2016.....	22
Fylgiskjal P – Áætlun 2017.....	22
Fylgiskjal Q – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2017	22

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga október 2016

Inngangur

Skólaárið 2015 – 2016 var mjög eftirminnilegt, með mörgum hápunktum. Hæst bar flutningur á **Töfraflautu Mozarts** í Hveragerðiskirkju og í Kaldalóni í Hörpu í vor, en þar komu fram yfir 100 nemendur skólans. Skólaárið endaði með fróðlegri og skemmtilegri **endurmenntunarferð** starfsmanna til Tallinn og Helsinki þar sem farið var í skólaheimsóknir og á tónleika. Í júní fóru svo blásarasveitir skólans á Selfossi og í Þorlákshöfn á **lúðrasveitamót** í bænum Calella á Spáni. Mót sem þessi eru alltaf mikil vítamínsprauta fyrir nemendur.

Skólaárið 2016 – 2017 byrjar vel. 471 nemandi stundar tónlistarnám í vetur. U.þ.b. 75% eru í fullu námi (m.v. að Suzukinemendur séu í fullu námi). 61 nemandi er á **biðlista** sem skiptist þannig: Bláskógabyggð 14, Flóahreppur 3, Grímsnes- og Grafningshreppur enginn, Hveragerði 3, Skeiða- og Gnúpverjahreppur 4, Árborg 33, Ölfus 4. - Lang flestir nemenda á biðlista óska eftir námi á gítar eða píanó.

Skólaárið byrjaði 22. ágúst með funda- og námskeiðsviku. Sóttu kennarar m.a. námskeið í barokkdönsum, tónfræðikennslu og notkun spjaldtölva í kennslu.

Tveir nýir kennarar voru ráðnir til starfa í haust. Er mjög ánægjulegt að sjá hve vel menntaðir kennarar sækjast eftir störfum við skólann. Sjá nánar á bls. 8.

Heimsókn. Um miðjan september komu í heimsókn 11 pólskir tónlistarkennarar, en fararstjóri þeirra var Pawel Panasiuk sem kenndi við skólann á árunum 2006 - 2010. Mjög gagnlegar umræðar sköpuðust um mismun á tónlistarkennslu í löndunum tveimur. Höfðu gestir okkar sérstakan áhuga á reynslu okkar af Suzuki-kennsluaðferðinni og hvernig við nýtum hana, en í Póllandi er þessi kennsluaðferð ennþá umdeild. María Weiss deildarstjóri Suzukideildar kynnti starfsemi deildarinnar og svaraði spurningum. Auk þessa fengu gestirnir stutta nemendatónleika og fyrirlestur um Tónlistarskóla Árnesinga, prófakerfið á Íslandi o.fl.

Forskólinn. Eins og ákveðið var sl. vor er enginn hefðbundinn forskóli í gangi veturinn 2016 – 2017. Þess í stað er í vetur fundað reglulega til að ákveða framtíð forskólakennslunnar frá og með næsta hausti. Á vorönn 2017 (febrúar – maí) er fyrirhugað að allir nemendur í 2. bekk í sýslunni fái hljóðfærakynningar. Á áætlun fyrir næsta skólaár er að tengja saman hefðbundna bekkjarkennslu og hljóðfærakynningar. Vonumst við til að með góðri yfirlegu í vetur, náum við að samræma forskólakennsluna og gefa öllum nemendum okkar góðan grunn fyrir framtíðartónlistarmenntun. Svona viðamikili verkefni krefst samvinnu við skólastjórnendur allra grunnskóla í Árnessýslu, en slík samvinna er í raun grundvöllur þess að verkefnið gangi upp.

Kjarasamningar og plássleysi.

Tvennt hefur helst áhrif á skólann í dag og þarf að huga vel að.

1. **Kjarasamningar FT (KÍ) kennara hafa verið lausir frá 31. október 2015.** Fyrir efnahagshrun voru tónlistarskólakennarar á pari við aðrar kennarastéttir í launum. Haustið 2008 lentu tónlistarkennarar með lausa kjarasamninga inn í hrúnið og hefur sá launamunur ekki enn verið leiðréttur. Miðað við tilboð SNS stefnir í að bilið aukist enn. Þessi staða hittir illa nær alla kennara Tónlistarskóla Árnesinga, en 30 af 31 kennara eru félagsmenn í FT. Samið var við FÍH 1. ágúst 2015.

2. **Plássleysi á Selfossi.** Eins og kynnt var í ársskýrslu Tónlistarskóla Árnesinga í október 2015 stefnir í vandræði vegna plássleysis á Selfossi. Hópkennsla er svo aðþrengd að ekki er hægt að bjóða upp á alla þá hópkennslu sem nútíma tónlistarkennsla krefst. Vegna hópstarfs vantar að lágmarki tvær u.þ.b. 90 m² kennslustofur. Mikil þörf er á auka stofu fyrir tilfallandi kennslu og æfingarými fyrir nemendur. Þá deila kennarar vinnuherbergi með nemendum. Í haust var svo þröngt á Eyraveginum að stofur voru tvíbókaðar sem gerir það að verkum að einn kennarinn þarf að hlaupa á milli Eyravegar og Sunnulækjarskóla eftir hádegi á miðvikudögum. Skólastjórnendur munu núna á haustdögum fara í nákvæma þarfagreiningu á kennslurými.

Selfossi, 5. október 2016,

Róbert A. Darling

Veturinn 2015 – 2016

Próf veturinn 2015 – 2016

Veturinn 2015 – 2016 luku 238 nemendur stigsprófum. Þar af luku 40 nemendur samræmdum áfangaprófum samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Einn nemandi lauk framhaldsprófi í vor, ásamt öllum tónfræðagreinum og tilheyrandi tónleikum. Það var Helga Valdís Sigurðardóttir á blokkflautu.

(Fylgiskjal A - Stigspróf 2012 – 2016).

Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2015 – 2016

Eftirtaldir nemendur fengu viðurkenningarskjal ásamt gjafabréfi í nótnabúð frá kvenfélögum í sýslunni eða tónlistarskólanum:

Jóna Kolbrún Helgadóttir	Reykholt	Píanó
Unnur Kjartansdóttir	Reykholt	Píanó
Anna Birta Jóhannesdóttir Schougaard	Þjórarskóli	Pínaó
Margrét Inga Ágústsdóttir	Þjórarskóli	Píanó
Anastasia Krayduba	Flúðir	Píanó
Anna Sigríður Jónsdóttir	Hveragerði	Fiðla
Andrea Sjöfn Heimisdóttir	Hveragerði	Pínaó
Arnar Gísli Sæmundsson	Hveragerði	Söngur
Ásthildur Ragnarsdóttir	Flóahreppur	Fiðla
Guðbergur Davíð Ágústsson	Flóahreppur	Gítar
Sandra María Figlarska	Stokkseyri	Píanó
Anna Laufey Gestsdóttir	Þorlákshöfn	Gítar
Daníela Stefánsdóttir	Þorlákshöfn	Þverflauta
Soffía Guðrún Kjartansdóttir	Selfoss	Söngur
Jón Smári Guðjónsson	Selfoss	Slagverk
Kristrún Huang Ólafsdóttir	Selfoss	Blokkflauta
Hildur Tanja Karlsdóttir	Selfoss	Fiðla

Töfraflauta Mozarts í apríl/maí 2016

Flutningur á **Töfraflautu Mozarts** var einn af hápunktum vetrarins 2015 – 2016. Voru haldnir þrennir tónleikar í Hveragerðiskirkju 8. og 9. apríl og einir í Kaldalóni í Hörpu 3. maí. Á tónleikunum komu fram yfir 100 nemendur sem léku fyrir fullu húsi í öll skiptin. Var þetta mikið ævintýri fyrir nemendur og kennara sem stóðu sig allir með mikilli þryði, skiluðu vandaðri vinnu og gleði til áheyrenda. Eiga allir mikið hrós skilið fyrir frábæran árangur, ekki síst kennararnir Guðmundur Kristmundsson og Margrét S. Stefánsdóttir sem héldu utan um verkefnið.

Pólsk strengjasveit í heimsókn apríl/maí 2016

Dagana 29. apríl – 6. maí 2016 heimsótti pólsk strengjasveit eldri strengjasveit Tónlistarskóla Árneseinga og endurgalt þannig heimsókn til Póllands vorið 2015. Hljómsveitirnar brölluðu ýmislegt saman, héldu m.a. tónleika í Skálholti, fóru í óvissuferð um Suðurland og pólsku gestirnir léku með í uppfærslu skólans á Töfraflautu Mozarts í Kaldalóni í Hörpu 3. maí. Var mjög hvetjandi fyrir okkar nemendur að fá tækifæri til að spila með þessum öflugum pólska nemendahópi.

Starfsmannaferð í maí/júní 2016

Skólaárið endaði með starfsmannaferð til Tallinn og Helsinki um mánaðarmótin maí/júní. Ferðin var hvort tveggja í senn mjög fræðandi og skemmtileg. Heimsóttum við tónlistarskóla og fórum á ballettsýningu í óperuhúsinu í Tallinn, skoðuðum Sibeliusarakademíuna og Þjóðaróperuna í Helsinki og fórum á frábæra kórtónleika í Klettakirkjunni. Ferðir sem þessar eru mjög mikilvægar fyrir starfsandann í skólanum og einstakt tækifæri fyrir kennara þessa dreifða skóla til að njóta samveru.

Lúðrasveitamót á Spáni júní 2016

Blásarasveitir skólans á Selfossi og í Þorlákshöfn fóru á mjög gott lúðrasveitamót í bænum Calella á Spáni 20. – 27. júní í sumar. 53ja manna hópur tók þátt í ferðinni, 40 nemendur, stjórnendurnir Gestur Áskelsson og Jóhann I. Stefánsson og nokkrir foreldrar sem héldu utan um hópinn. Blásarasveitin kom fram á tónleikum á ráðhústorgi Calella flest kvöldin, en þar að auki var ýmislegt gert til skemmtunar s.s. farið á ströndina, synt í sjónum, farið í strandblak o.fl.

Veturinn 2016 – 2017

Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2016 – 2017 hófst 22. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 29. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 26. maí 2017 og þremur starfsdögum 29. – 31. maí. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru þrír. Haustfrí er tekið 14. - 18. október. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda 20,57 klst./viku.

(Fylgiskjal B - Tónlistarskóladagatal 2016 – 2017)

(Fylgiskjal C - Skólagjöld 2016 – 2017)

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árneseinga 2016 – 2017

Skipurit skólans breyttist ekkert í haust, nema að nýr formaður tók við í fagráði.

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árneseinga lítur svona út veturinn 2016 – 2017:

Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fulltrúi frá hverju sveitarfélagi

Framkvæmdastjórn: Fimm fulltrúar Héraðsnefndar

Fagráð Tónlistarsk. Árn.: Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður
Sandra Dís Hafþórsdóttir, ritari
Ágústa Ragnarsdóttir, varaformaður

Skólastjóri: Róbert A. Darling

Aðstoðarskólastjóri: Helga Sighvatsdóttir

Skólaritari: Ragnhildur Magnúsdóttir

Deildarstjórar:

Jóhann I. Stefánsson	Blásaradeild + almenn stjórnun
Miklós Dalmay	Píanódeild
Edit Anna Molnár	Tónfræðadeild + forskóli
María Weiss	Strengjadeild + Suzukideild
Margrét S. Stefánsdóttir	Söngdeild + kammerdeild
Vignir Ólafsson	Rytmísk deild + gítardeild

- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eru ráðnir samkvæmt kjarasamningi, en deildarstjórar til tveggja ára í senn.

Umsjónarmenn kennslustaða

-getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.

-hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2016-2017:

Flóaskóli	Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Flúðir/Þjórsárskóli	Magnea Gunnarsdóttir
Hveragerði	Guðmundur Kristmundsson
Reykholt	Loftur Erlingsson
Stokkseyri/Eyrbakki	Ingibjörg Birgisdóttir
Þorlákshöfn	Gestur Áskelsson

Fjöldi nemenda 2016 – 2017 / biðlistinn

Í ár stundar 471 nemandi nám við skólann í einkatímum. Forskólinn er í endurskoðun, en um 200 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu munu fá hljóðfærakynningar í vor. 100 nýnemar hófu nám í haust. Á biðlista er 61 nafn.

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjölum.

(Fylgiskjal D - Nemendalisti til Jöfnunarsjóðs okt. 2016)

(Fylgiskjal E - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal F - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi miðað við íbúafjölda)

(Fylgiskjal G - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal H - Nemendafjöldi 1995 – 2016)

(Fylgiskjal I - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal J - Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft 2013 – 2016 - hlutfall)

(Fylgiskjal K - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal L - Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall)

(Fylgiskjal M - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal P - Fjöldi nemenda og klukkustunda október 2016)

Kennarar 2016 – 2017

Glódís Margrét Guðmundsdóttir fór í fæðingarorlof og mun ekki koma aftur til starfa að því loknu, en hún stefnir á frekara nám. Ragnari Jónssyni og Kolbrúnu Huldu Tryggvadóttur var sagt upp störfum vegna endurskoðunar á forskólakennslu í vetur. Við þökkum þessum góðu kennurum fyrir öflugt, faglegt og metnaðarfullt starf á liðnu ári.

Í stað fráfarandi starfsmanna hafa verið ráðnir: Einar Bjartur Egilsson píanó kennari og undirleikari og Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir sem tekur við nokkrum blokkflautunemendum. Við bjóðum nýja kennara velkomna til starfa og fögnum góðri viðbót við öflugan kennarahóp.

Í vetur starfar 31 kennari við skólann í um 27 stöðugildum.

(Fylgiskjal N - Kennaralisti)

Kennslustaðir 2016 – 2017

Kennslustaðir eru óbreyttir frá sl. vetri:

Árborg: Eyravegur 9 Selfossi

Árborg: Sunnulækjarskóli Selfossi

Árborg: Félagsheimilið Staður Eyrarbakka

Árborg: Barnaskólinn á Stokkseyri

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Reykholti

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Laugarvatni

Flóahreppur: Flóaskóli

Grímsnes- og Grafningshreppur: Félagsheimilið Minni Borg

Hrunamannahreppur: Flúðaskóli

Hveragerði: Grunnskólinn í Hveragerði

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Þjórsárskóli

Ölfus: Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Tónleikahald og aðrir viðburðir vetrarinn 2016 – 2017

Stærstu viðburðir vetrarins:

- Deildatónleikar verða í nóvember sem hér segir:
 - Blásaradeildartónleikar – mánud. **14.** nóv. kl. 18:00 í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.
 - Blokkflautudeildartónleikar – þriðjud. **15.** nóv. kl. 18:00 í sal skólans, Eyravegi 9 Selfossi.
 - Strengjadeildartónleikar – miðvikud. **16.** nóv. kl. 18:00 í Selfoskirkju.
 - Gítardeildartónleikar - fimmtud. **17.** nóv. kl. 18:00 í flugsafninu við Selfossflugvöll.
 - Rytmískir deildartónleikar – föstud. **18.** nóv. kl. 18:00 í sal skólans, Eyravegi 9 Selfossi.
 - Píanódeildartónleikar – mánud. **21.** nóv. kl. 18:00 í sal skólans, Eyravegi 9 Selfossi.
 - Söngdeildartónleikar – þriðjud. **22.** nóv. kl. 18:00 í Hveragerðiskirkju.
- Hausttónleikar skólans verða vikuna 26. nóvember til 3. desember. Á þessum tónleikum koma allir nemendur skólans fram hjá sínum kennurum.
- Árlegt jólaball Suzukideildar verður haldið miðvikud. 7. des. kl. 17:00 í Sunnulækjarskóla.
- Í desember fara svo nemendurnir út um hvippinn og hvappinn með sínum kennurum að vanda, leika jólalög og aðra fallega tónlist fyrir sveitunga sína um alla sýslu.
- Dagur tónlistarskólanna verður haldinn hátíðlegur laugard. 11. febrúar.
- Þematónleikar verða haldnir mánud. 13. febrúar. Viðfangsefni vetrarins er kventónskáld.
- Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, verður haldin í mars og apríl.
- Nýjung í vetur eru miðdeildartónleikar sem haldnir verða mánud. 13. mars 2017.
- Framhaldsdeildartónleikar verða haldnir miðvikud. 15. mars 2017.

Aðgangur að tónleikum tónlistarskólans er ókeypis og öllum opinn.

Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum

Í vetur fer af stað samstarfsverkefni tónlistarskólans og hjúkrunarheimilanna Ljósheima og Fossheima á Selfossi. Munu nemendur tónlistarskólans mæta einu sinni í mánuði með kennurum og flytja stutta tónleika fyrir heimilisfólk. Hófu strengjanemendur leikinn 21. september við góðar undirtektir. Blokkflautunemendur leika svo í október og píanónemendur í nóvember, söngnemendur syngja í desember og svo koll af kolli til vors.

Svona samstarf er ekki nýtt af nálinni og hafa heimsóknir sem þessar t.d. tíðkast um margra ára bil í Þorlákshöfn. Þá fá mörg hjúkrunarheimili og leikskólar tónlistarheimsóknir í desember ár hvert. Verður spennandi að fylgjast með þessu nýja verkefni á Selfossi og hlökkum við til samstarfsins.

Skýrslur deildarstjóra maí 2016

Blásaradeild

Skýrsla maí 2016

Deildarstjóri: Jóhann I. Stefánsson

Kennarar:

Birna Bragadóttir
Gestur Áskelsson
Hjörtur B. Hjartarson
Jóhann I. Stefánsson
Kolbrún Berglind Grétarsd.
Páll Sigurðsson
Róbert Darling
Sigríður Kjartansdóttir
Vilhjálmur Ingi Sigurðars.
Zoltán Szklenár
Örlygur Benediktsson
Stefán I. Þórhallsson

Kennslugreinar:

Þverflauta, klarínetta, saxófónn
Klarínetta, saxófónn, hljómsveit
Klarínetta, þverflauta, saxófónn
Trompet, horn, básúna, túba, hljómsveit
Þverflauta
Trompet, horn, básúna
Horn
Þverflauta
Trompet
Trompet, horn, básúna
Klarínetta, saxófónn
Slagverk

Hljómsveitir og samspil:

Selfoss	Yngri blásarasveit	Jóhann I. Stefánsson
Selfoss	Eldri blásarasveit	Jóhann I. Stefánsson
Þorlákshöfn	Yngri blásarasveit	Gestur Áskelsson
Þorlákshöfn	Eldri blásarasveit	Gestur Áskelsson
Hveragerði	Blönduð hljómsv. blás/str.	Guðmundur Kristmundsson

Tónleikahald deildar:

Blásaradeildartónleikar	9. nóvember 2015
Lúðrasveitamaráðun í Hörpu	15. nóvember 2015
Töfraflautan	Hveragerði 8. og 9. apríl og 3. maí 2016 í Hörpu
Vortónleikar	júní 2016

Vegna utanlandsferðar blásarasveita vorið 2016 voru haldnir smátónleikar hingað og þangað til fjáröflunar.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Landsmót SÍSL fyrir A-B sveitir var haldið í Garðabæ 29. apríl – 1. maí. 23 börn frá Selfossi og 9 börn frá Þorlákshöfn tóku þátt í mótinu sem tókst mjög vel.

Utanlandsferð eldri blásarasveita 20. – 27. júní 2016. Farið á lúðrasveitamót í bænum Calella á Spáni. Rúmlega 53ja manna hópur hljóðfæraleikara og foreldra fara á mótið.

Töluverð vinna er við fjáröflunarstarf hjá hljómsveitarmeðlimum. Sölustörf eru fyrirferðarmikil, en skila þeim sem eru duglegir töluverðum fjármunum. Einnig hafa verið haldin bingó og kökusölur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Hljóðfærakostur blásaradeildar er orðinn nokkuð lúinn. Sérstaklega málmblasturshljóðfærin en einnig eru klarínettur og þverflautur farnar að láta á sjá.

Annað:

Vantar klarínnettunemendur í skólann. Stefnir í vandræði.

- - -

Blokkflautudeild

Skýrsla maí 2016

Kennarar:

Helga Sighvatsdóttir

Ingibjörg Birgisdóttir

Hjörtur B. Hjartarson.

Kennslugreinar:

Blokkflauta

Blokkflauta og Suzukiblokkflauta

Blokkflauta

Samspilshópar:

Selfoss Blokkflautusveit grunnám

Selfoss Blokkflautusveit mið-/framhnám

Stjórnandi:

Ingibjörg Birgisdóttir

Helga Sighvatsdóttir

Tónleikahald deildar:

Súputónleikar í samstarfi við barnask. Stokkseyri su. 25. október. Umsjón: Ingibjörg.

Blokkflautudeildartónleikar þri. 10. nóvember kl. 18:00 – 19:00: Allir blokkflautunemendur skólans, samspilshóparnir tveir + minni samspil + sóló.

Haustrónleika í nóvember héldu kennarar deildarinnar hver fyrir sig.

Aðventuspilamennska í desember með samspilshópum:

6. des. Orgelsmiðjan Stokkseyri – blokkflautusveit Helgu + söngnemendur

13. des. Orgelsmiðjan Stokkseyri - blokkflautusveit Ingibjargar + gítarnemendur

16. des. Dvalarheimilið Blesastöðum – báðar blokkflautusveitir

Töfraflaututónleikar í Hveragerðiskirkju 8. og 9. apríl: Blokkflautusveit Helgu lék með í óperunni (á þrennum tónleikum). Blokkflautusveit Ingibjargar lék á undan einum tónleikanna.

Framhaldsprófstónleikar 30. apríl. Helga Valdís Sigurðardóttir

Vortónleikar 9. maí – nemendur Ingibjargar – haldnir í sal tónlistarskólans Selfossi.

Vortónleikar 17. maí – nemendur Helgu – haldnir í hjúkrunarheimilinu Fossheimum.

Skólaslit 20. – 26. maí

REY 23. maí kl. 17:00 - Blokkflautusveit Helgu

FLÓ 20. maí kl. 17:00 - Blokkflautusveit Ingibjargar

SEL 25. maí kl. 18:00 – Helga Valdís Sigurðardóttir, framhaldsprófsverkefni.

STO 20. maí kl. 18:30 – nemendur Ingibjargar

Að auki:

Framhaldsdeildartónleikar í nóvember og mars HES

Vísnaðkvöld Fsu í apríl HES

Upplestrarkeppni í apríl INB

Jólasveinaband des. í BES á Stokkseyri INB

Skötuveisla Stokkseyri 23. des.– Blandaður hópur blokkflautunemenda. Umsjón: INB

(Suzuki viðburðir sem blokkflautur hafa tekið þátt í (útskriftartónleikar, afmælistónleikar

Hörpu, upprifjunardagar, jólaball, ósvissuferð): Umsjón: INB)

Skólaslit Vallaskóla og Sunnulækjarskóla 8. júní HES

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Galeiðan - æfingabúðir fyrir blfl-samspilshópa 30. okt. – 1. nóv. í umsjá Helgu og Ingibjargar.

Þema: Óperur og söngleikir. Æfingabúðirnar sóttu 14 nemendur og stóðu sig allir með mikilli þryði. Auk þéttar æfingadagskrár var farið á kajak og spilaðir einir tónleikar á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi. Foreldrar skiptust á um matseld og aðstoðuðu á ýmsa lund. Töfraflaututónleikar í Kaldalóni í Hörpu 3. maí. BFLSAM-HES tók þátt í einu lagi. Gaman saman – blokkflautu-samspilstónleikar 8. maí í Tónskóla Sigursveins í Rvík.

Báðar blokkflautusveitir Tónlistarskóla Árneseinga + blokkflautusveitir af höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi.

Próf – fjöldi áfangaprófa / meðaleinkunn:

Tveir nemendur luku grunnprófi í blokkflautuleik
Einn nemandi lauk miðprófi í blokkflautuleik
Einn nemandi lauk framhaldsprófi í blokkflautuleik
Meðaleinkunn á áfangaprófum var 9,2.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Ingibjörg Birgisdóttir stundar Suzuki-blokkflautukennaranám. Lauk 2. kennslustigi sumar 2015 og heldur áfram sumarið 2016.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:

Suzukideildin er í stöðugri uppbyggingu. Ingibjörg er dugleg að nýta Suzukiefni og kennsluaðferðir inn í kennsluna hjá nemendum í hefðbundnu námi. – Eykur fjölbreytni kennslunnar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Stefnt er að utanlandsferð blokkflautusveita vorið 2017.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Með vaxandi blokkflautudeild eykst þörf fyrir: Renesans-blokkflautusett og sembal.

* Fleiri samspilsstofur þyrfti þar sem salur er full nýttur.

Annað:

Upplýsingar um blokkflautur eru komnar inn á heimasíðu skólans:

www.tonar.is – Nám – Kennslugreinar.

Forskóladeild

Skýrsla maí 2016

Deildarstjóri: Edit Anna Molnár

Kennarar:

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Kolbrún Hulda Tryggvadóttir

Loftur Erlingsson

Magnea Gunnarsdóttir

Ragnar Jónsson

Sigríður Kjartansdóttir

Ulle Hahndorf

Forskólahópar:

Flóaskóli

Stokkseyri

Reykholt og Þjórsárskóli

Flúðir

Sunnulækjarskóli og Vallaskóli Selfossi

Þorlákshöfn

Hveragerði

Tónleikahald deildar:
Sýningar í maí

Tillögur að starfsáætlun:

Fyrir næstkomandi tímabil langar mig að skipuleggja heildstæða áætlun þar sem mikilvægustu atriðin verða endurskipulögð. Kennslan hjá okkur er þegar litrík og áhugaverð, kennararnir nota mismunandi aðferðir til að vinna að góðri kennslu. En það væri mjög gott ef forskólarnir innan tónlistarskólans hefðu einhverjar sameiginlegar vinnuáðferðir.

Námslok: Nemandi hafi öðlast jákvæða upplifun af tónlist og tónlistarnámi.

Annað:

Forskólanám sem sniðið er að aldri og þroska ungra barna, telst til grunnnáms tónlistarskóla. Við lok forskólaennslu eiga forskólanemendur að hafa náð fyrirfram settum markmiðum.

Gítardeild

Skýrsla maí 2016

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar :

Birgít Myschi
Kristinn Freyr Kristinsson
Hjörtur B. Hjartarsson
Gestur Áskelsson
Vignir Ólafsson

Kennslugreinar:

Klassískur gítar, Susuki gítar og samspil
Klassískur gítar, samspil og gítarmeðleikur
Gítar og samspil
Gítar og samspil
Rafgítar, rafbassi og samspil

Samspilshópar:

Hveragerði Gítarsamspil
Selfoss Gítarsamspil 1
Selfoss Gítarsamspil 2
Kerhólsskóli Blandaður hópur
Reykholt Gítarsamspil/blandaður
Þorlákshöfn Gítarsamspil

Stjórnandi:

Kristinn Freyr Kristinsson
Kristinn Freyr Kristinsson
Kristinn Freyr Kristinsson
Hjörtur B. Hjartarsson
Hjörtur B. Hjartarsson
Gestur Áskelsson

Tónleikahald deildar:

Deildartónleikar að Sólheimum í Grímsnesi 12. nóv 2015

Haustrónleikar 28. nóvember

Framhaldsdeildartónleikar fyrir og eftir áramót

Töfraflautan, tónleikauppfærsla í Hveragerði 8. og 9. apríl og í Kaldalóni í Hörpu 3. maí.

Vortónleikar kenaranna

Skólaslit á Selfossi, Hvergerði og Flóaskóla.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Jólafundur Kvenfélags Selfoss

Jólaball Suzukideildar

jólatónleikar í Orgelsmiðjunni

Suzuki-afmælistónleikar í Hörpu
Óvissuferð Suzukideildar
Ráðstefna um fjölmenningu

Próf – fjöldi áfangaprófa / meðaleinkunn:
Enginn gítardeildarnemi tók áfangapróf í ár.

Nauðsynlegt að athuga með meiri samræmingu prófkrafna í klassískum og rytmískum gítar, of mikið misræmi þar á milli, sérstaklega hvað tónstiga varðar.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:
Innleiðing á eftirfylgnaðferð með spjaldtölvum. Stefna á meiri notkun á komandi vetri. Gengur hægt að fá kennara til að nota spjaldtölvurnar en vonandi spýtir fólk í lófana og nýtir sér þessa tækni á komandi misserum.

Nýr klassískur gítar var keyptur í haust sem mun nýtast bæði klassískum og rytmískum nemendum, afar gott og vandað hljóðfæri.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:
Fylgja eftir innleiðingu á spjaldtölvunotkun og efla rafrænt umhverfi skólans almennt.

Annað:
Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri. Kom berlega í ljós í Töfraflautuverkefninu þar sem allir sem tóku þátt gerðu það af einhug og ánægju og afraksturinn leyndi sér ekki. Frábært framtak.

- - -

Kammerdeild Skýrsla maí 2016

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi)
Yngri og eldri strengjasveit, blokkflautuhópur, gítarhópur, rytmaband, lúðrasveit, Hveragerðisband, sönghópur, söngfuglar

Tónleikahald deildar:
Mikið samstarf og samspil var þetta skólaár. Sameiginlegt verkefni/þema vetrar var Töfraflautan eftir W. A. Mozart. Þar tóku þátt: Eldri og yngri strengjasveit, bláساسveit, blokkflautuhópur, rytmaband, gítarhópur, píanónemendur ásamt söngvurum og söngfuglum. Töfraflautan flutt í Hveragerðiskirkju 8. og 9. apríl og í Kaldalóni Hörpu 3. maí 2016.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:
Farið í heimsóknir út í samfélagið með hina ýmsu hljóðfærahópa í desember og á vorönn. Töfraflautan flutt í Hveragerði í apríl og í Kaldalóni Hörpu 3. maí. Samtals fjórar sýningar sem tókust mjög vel.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:

Aukin samvinna milli deilda í sameiginlegu verkefni sem stór hópur nemenda skólans kom að á einn eða annan hátt.

Nemendur fengu mikla reynslu í að takast á við krefjandi verkefni. Skilaði orku og gleði inn í skólalastarfið.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Samvinna/samstarf milli deilda. Nota þema vetrarins og útvíkka það sem mest. Samstarf eflir skólalastarfið.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Spurning hvort mætti vera fastur fundatími deildastjóra þar sem hægt væri að koma fram með hugmyndir og skipuleggja starfið.

Píanódeild

Skýrsla maí 2016

Deildarstjóri: Miklós Dalmay

Kennarar :

Birna Bragadóttir

Ester Ólafsdóttir

Gestur Áskelsson

Glódís Margrét Guðmundsdóttir

Guðrún Markúsdóttir

Hjörtur Bergþór Hjartarson

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Loftur Erlingsson

Magnea Gunnarsdóttir

Margrét S. Stefánsdóttir

Miklós Dalmay

Ólöf Jónsdóttir

Ragnar Jónsson

Ulle Hahndorf

Kennslugreinar:

píanó

píanó, Suzukipíanó, meðleikur

píanó

píanó, meðleikur

píanó, Suzukipíanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó, meðleikur

píanó, meðleikur

píanó

píanó, meðleikur

Tónleikahald deildar:

Píanódeildartónleikar 16. nóvember 2015 á Flúðum

Hausttónleikar 23. – 27. nóvember

Grunnprófsskemmtun 29. febrúar

„Búninga-tónleikar“ 17. maí

Vortónleikar 2. – 7. maí 2016

Próf – fjöldi áfangaprófa / meðaleinkunn:

Stigsprófin í ár gengu vel að vanda. Nemendurnir mættu tímanlega og vel undirbúin í prófin.

Það er hægt að fullyrða að það sé góð þróun innan píanódeildarinnar almennt, sem endurspeglast meðal annars í prófaniðurstöðum.

Áfangapróf í vetur voru samtals tíu. Átta grunnpróf og tvö miðpróf.
Háar einkunnir í áfangaprófum er eitthvað sem við getum verið stolt af og er sérstaklega ánægjulegt. (meðaltal: 9,17)

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeið og fyrirlestur með Björgvini Þ. Valdimarssyni um námsefni og aðferðir valþátta, með sérstaka áherslu á frumsamin tónverk og eigin útsetningar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

- Hausttónleikar í nóvember
- Píanódeildartónleikar
- Grunnprófsskemmtun í lok febrúar (Upphitunar samkoma fyrir nemendur sem ætla að taka grunnpróf)
- Vortónleikar í apríl
